

sem frumkvöðul að þessu, og einnig að öllum kostum bezt búinn til að sitja í fyrirrúmi þar; eg skal hvorki ráða mönnum til eða frá að gjörast hásetar á drekanum; en um það hvar bezt mundi vera að leita á landstrendur með víkingasíði, þá mun það ekki ráðlegt að leita suður eða austur á við, því þar er víðast svo um búid, að slíkum víkingum mundi meiri ófögnuður en frægð að ráðast þar að; það verður þá helzt fært að leita á skrælingjana á Grænlandi, og þykir mér ekki uggvænt að slíkur kappi mundi vinna nokkurn sigur þar, en lítið mun annars af skrælingjum að hafa nema selskinns-hjúpana, þó mætti honum mäske vinnast töluvert af þeim; en þegar hann nú kemur heim eptir slíka frægðarför marg uppskiannaður, þá er eptir að vita hversu hátt hann mætti verða upphafinn fyrir það, en það getur nú hver ráðið gátu þá sem vill, bezt tel eg þó að ná niðri með fótunum, því annars fer uppheldin að verða nokkuð viðsjál.

Að svo búnu hyggst jeg að hafa skýrt þjóðólfsgrein þessa nægilega, en skal þó geta þess, að þó hún megi virðast rituð af illkvittni og vanþekkingu, hefir ritstjóra «Þjóðólfs» þótt hún svo ágæt, að hann bæði hefir álitid hana berandi á borð fyrir lesendur sína, og þar til neitað mér um að taka í blað sitt mótmæli gegn henni, og held jeg megi veita honum það til vorkunar samt, af því að það má vera svo leiðinlegt fyrir ritstjóran, að þurfa að hafa á móti eða jafnvel taka aptur í næsta blaði hvað gefið var út í hinu fyrra, því það miðar svo lítið «áfram», enda mun hann ekki fara varhluta af, að þurfa að bera til baka dálítið af lygi samt, þó þetta gengi undan.

Reykjavík, 20. maí 1873.

G. Lambertsen.

ÞAKKARÁVARP.

— Þó að nú sje lítið meir en ár síðan drottin þóknadist að kalla hjeðan til sælvistar með sjer unnustu mína, Sigurlögu Sigurðardóttur, og jeg enn haf eigi opinberlega vottað þeim mönnum þakklæti mitt, sem, á meðan hún lá banalegu sína, urðu til þess að veita mér og henni hjálp, þá völdur

því eigi vaupakklæti mitt, eða að mér sje gleymd aðstoð þeirra og innleg bluttekning í kjörum mínum, heldur raunir mínar og sorg síðan jeg missti hennar unadarfyllstu samvista. Þeir voru margir, er fúslega og af góðum hug eptir megui ljettu þá raunir mínar og rjettu mér hjálparhönd, og vil jeg sjer í lagi til nefna prófast síra Jón Hallsson á Miklabæ, er jafnan hefir verið boðinn og búinn að veita mér líðsinni þegar jeg hef þarfaust þess, einnig hin nafnkunnu heidurs-hjón, Sigurð og Sigurlögu á Veiðivöllum, sem með stakri alúð og góðvild reyndu til að bæta búi mitt, sömuleiðis heidurs-hjónin, Halga og Jóhönnu á Sólhelnum ásamt sambýllis-hjónum mínum, Hanneli og Ingibjörgu er þá voru á Úlfestöðum. Öllum þessum votta jeg nú opinberlega mitt innlegasta þakklæti fyrir alla þeirra líðveizlu og aðstoð bæði fyrr og síðar, og bið gjafarann allra góðra hluta að umbuna þeim það af ríkdómi sinnar náðar.

Vöglum, þann 17. apríl 1873.

Benidikt Kristjánsson.

AUGLÝSINGAR.

— Ef hæfilega margir kaupendur fást á boðsbrjef, er vjer höfum látið prenta 20. þ. m., ætluum vjer að gefa út hálfsmánaðar- og viku-blað, er heita skal

Vikverji.

Það verður hjer um bil 30 arkir, og kostar 8mrk um árið. Kaupa má blaðið hjá brjefhirðingarmönnum hjer á landi, og skal þá borga fyrirfram andvirði ársfjórðungs: 32 skúldinga. Að öðru leyti vísuim vjer til boðsbrjefs vors, er fylgir þessu blaði.

Ritað í maí 1873.

Nokkrir menn í Reykjavík.

— Jeg undirskrifaður kaupi í sumar allskonar **egg**, hvort sem þau eru full eða tóm, en þó svo, að egg úr sama hreiðrinu sjeu sjer, eða rugglist eigi saman við önnur. Ef sá, er finnur egg, t. d. andaregg, en veit eigi gjörta undan hvers konar önd þau eru, þá er hann beðinn um að taka dálítið af dúni með eggjunum.

Reykjavík, 18. maí 1873.

Franz Siemsen.

Útgefendur: Nokkrir Reykvíkingar.

Ábyrgðarmaður: Páll Eyjúlffsson.

Prentaður í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson.